

GJALDSKRÁ

vatnsveitu Grindavíkurbæjar.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 er eftirfarandi:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,055% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,250% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,200% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

2. gr.

Mælaleiga.

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

<i>Nafnmál mm / "</i>	<i>Kennitákn</i>	<i>Mælaleiga kr. pr. ár</i>	<i>Mælaleiga kr. pr. dag</i>
< 25 / 1"	25	8.035	22
30 / 1¼"	30	8.520	23
40 / 1½"	40	10.495	29
50 / 2"	50	13.918	38
65 / 2½"	65	21.111	58
80 / 3"	80	30.412	83
100 / 4"	100	38.861	106
150 / 6"	150	44.807	123

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

3. gr.

Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Grindavíkur við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitu Grindavíkur.

<i>Dvermál heimæðar mm. Plast</i>	<i>Verð miðað við byggingarvísitölu 113,4 fyrir apríl 2012. Lengd heimæðar 0-35 metrar</i>	<i>Verð á metra umfram 35 metra</i>
< 32	182.973 kr.	1.830 kr.
40	236.755 kr.	2.367 kr.
50	306.489 kr.	3.065 kr.
63	441.989 kr.	4.420 kr.
75	590.556 kr.	5.906 kr.
90	859.478 kr.	8.595 kr.
110	959.513 kr.	9.595 kr.
160	1.123.811 kr.	11.238 kr.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af vatnsveitu Grindavíkur í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar og aftengingar á byggingarvatni er 27.160 kr.

4. gr.

Grafrargjöld.

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar 10.735 kr./lengdar-metra.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á:

Klaki/klöpp	dýpt sm	kr./lengdarmetra
klaki/klöpp	< 30	3.428
klaki/klöpp	> 30	6.916

5. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald 17 kr./m³ skulu fyrirtæki og aðrir greiða, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa.

6. gr.

Vísitölubinding.

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau er koma fram í 1. gr. miðast við byggingarvísitölu í mars 2015, 123,2 stig, og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

7. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur 28. nóvember 2017 og öðlast gildi 1. janúar 2018. Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 752/2012.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, 4. desember 2017,

Jón Þórisson,

sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.